# Stjórnarfundur Inner Wheel á Íslandi haldinn 14. apríl 2026 kl. 10.30 heima hjá Sigurbjörgu Magnúsdóttur Birkigrund 9b í Kópavogi.

Á fundinn voru mættar auk Sigurbjargar umdæmisstjóra, Erla Eggertsdóttir ritari, Dúfa Einarsdóttir gjaldkeri, Valdís B Guðjónsdóttir verðandi umdæmisstjóri og María Heiðdal fráfarandi umdæmisstjóri.

Aðalefni fundarins var að fara yfir undirbúning og skipulag umdæmisþingsins í maí og uppkast af dagskránni.

Búið var að ákveða að ég yrði ritari og Edda Magnúsdóttir búin að samþykkja að vera fundarstjóri.

Þurfum að fá uppgefið hverjir verða þingfulltrúar klúbbanna þar sem 2 frá hverjum klúbbi hafa atkvæðisrétt. Hver klúbbur þarf að senda skýslu og eibnniug félagatal og fjölda þeirra sem mæta á þingið.

María ætlar að hafa samband við Elínu Hjartar sem skrifaði fundargerð síðasta umdæmisþing og biðja hana að lesa þá fundargerð.

Sigurbjörg mun flytja skýrslu umdæisstjóra og Dúfa mun leggja fram bráðabirgðauppgjör reikninga þar sem endanlegt uppgjör er ekki tilbúið.

Við þurfum að fá send nöfn þeirra félaga sem hafa látist á siðasta starfsári. Þeirra verður minns í helgistund sem verður haldin í Kópavogskirkju.

Ákváðum að leggja til að árgjaldið yrði óbreytt. Einnig ákváðum við að þinggjadið yrði 9000 kr. á mann.

Kjósa þarf næstu umdæmisstjórn.

Fundi slitið kl.12.00

Erla Eggertsdóttir